

Sp.

387. Tillaga til þingsályktunar

[224. mál]

um ráðstafanir til að sporna við raflínubilunum.

Flm.: Friðjón Þórðarson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna, með hvaða hætti unnt sé að draga úr eða koma í veg fyrir hinar alvarlegu bilanir, sem oft eiga sér stað á raflínum víðs vegar um land í vetrarveðrum.

#### Greinargerð.

Í þeim veðraham, sem að undanfögnu hefur gengið yfir landið, hefur víða orðið stórtjón af völdum rafmagnsbilana. Línur hafa slitnað og staurar brotnað í tuga- og hundraðatali. Mörg býli og byggðarlög hafa orðið rafmagnslaus með öllu, en önnur hafa raforku af mjög skornum skammti. Gengið hefur erfiðlega að kanna bilanir þessar til fulls vegna ófærðar og samgönguferfiðleika. Viðgerðarflokkar hafa þegar hafist handa, en eiga víða erfitt verk fyrir höndum. Ljóst er, að tjón hefur orðið gífurlegt, bæði beint og óbeint.

Segja má að vísu, að óveður það, sem geisað hefur undanfarna daga um stóran hluta landsins, hafi verið óvenjulega hart. Sé því ekki nema eðlilegt, að það hafi valdið tilfínanlegu tjóni. Við slíku megi alltaf búast hér á landi um hávetur. Við vonumst að sjálfsögðu alltaf eftir góðu veðri og viljum ekki trúa spádómum um kólnandi veðurfar. Eigi að síður er nauðsynlegt að vera við öllu búinn. Hér er mikið í húfi, ef út af ber.

Það er áreiðanlega hægara sagt en gert að búa svo um hnútana, að raflínur þær, sem lagðar eru um landið, verði svo úr garði gerðar, að þær geti til fulls staðið af sér íslensk vetrarveður. En sjálfsagt er að stefna að því með öllum ráðum, að sem mestu öryggi verði náð í þessum efnunum.

Um þessar mundir er mikið rætt um nauðsyn þess að gera stóráttök í rafvæðingarmálum. Orkuþörfin vex hröðum skrefum um allt land. Þó er það svo, að orkuskömmun er tíð hér og þar um landið og orkuskortur yfirvofandi á stórum svæðum. Þörfin er brýn fyrir innlenda orkugjafa til húsa hitunar, þar sem jarðhita er ekki að fá. Höfð eru uppi áform um að ljúka rafvæðingu hinna dreifðu byggða sem allra fyrst. Af þessu er ljóst, að landsmenn allir verða háðari rafmagninu svo að segja með hverjum deginum sem líður og geta ekki án þess verið stundinni lengur.

Það skal tekið fram, að með þessum orðum er síst af öllu verið að vega að þeim mönnum, sem á undanfögnu árum hafa unnið að raforkuframkvæmdum í landinu og stjórnað þeim. Framkvæmdir þessar eru mjög fjárfrekar. Ýtrasta hófs verður að gæta í meðferð opinberra fjármuna. En jafnframt verður að sjálfsögðu að hafa hagsmuni og öryggi allra landsmanna í huga. Raflínur verða að vera svo öflugar, að þær standist nokkur átök. Auknu öryggi í þessu efni fylgir vafalaust aukinn kostnaður. Sums staðar getur reynt óhjákvæmilegt að leggja jarðstrengi, en að öðrum kosti að styrkja línur eftir fönngum. Oft mun þetta velta á erfiðu mati, þar sem fé er að jafnaði af skornum skammti til framkvæmda.

Hér er samt um svo mikilvægt mál að ræða, að rétt og skylt verður að teljast að vekja á því sérstaka athygli og kanna allar tiltækar leiðir til úrbóta, þar sem svo stórfelldir hagsmunir eru í húfi fyrir land og þjóð.